

Grindavíkurbær  
Ingvar Þór Gunnlaugsson,  
forstöðumaður  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík

Umhverfisstofnun
Áb.
10 DES. 2008
54.23
Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. desember 2008  
Tilvísun: UST20081100106/áb

### Deiliskipulag í Svartsengi vegna verksmiðju fyrir koldíoxíðsvinnslu.

Vísað er til erindis Grindavíkurbæjar, dags. 25. nóv. sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulagsbreytingartillögu í Svartsengi Grindavík ásamt umhverfisskýrslu. Deiliskipulagið nær yfir iðnaðar svæði og svæði verslunar- og þjónustu á Svartsengi.

Eftirfarandi er yfirlit/athugasemdir Umhverfisstofnunar við deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu fyrir byggingu metanólverksmiðju í Svartsengi.

Breytingin á deiliskipulagi felst í byggingu verksmiðju fyrir koldíoxíðsvinnslu. Byggingin mun rísa á þegar röskuðu svæði innan iðnaðarsvæðis fyrir orkuver í Svartsengi. Ef skipulagssvæðið fyrir metanólverksmiðjuna nær að einhverju leyti inn á óraskað hraun eða jarðmyndun, fer Umhverfisstofnun fram á að því verði hlíft eins og kostur er. Umhverfisstofnun er sátt við að ásýnd byggingar verður svípuð og annarra mannvirkja á iðnaðarsvæðinu. Ekki er fyrirsjáanleg mengun á vatni umfram það saltvatn sem kemur frá jarðhitavirkjuninni. Ef vatn frá eimingu metanóls inniheldur umtalsvert magn lífrænna efna verða viðeigandi ráðstafanir verða lagðar fram í sambandi við ákvörðun um starfsleyfi. Varðandi loftmengun verða gerðar ráðstafanir til að eyða með kynndl loftbornum lífrænum efnunum sem verða til við metanól vinnsluna. Ekki er fyrirsjáanleg hljóðmengun vegna starfseminnar. Metanóltankur verksmiðjunar verður eingöngu 65 m<sup>3</sup> sem er fyrir neðan tilkynningarskyld mörk, og ætti að lágmarka afleiðingar af hugsanlegu mengunarslysi vegna geymslu metanóls á svæðinu.

Virðingarfyllst  
Ásgeir Björnsson  
Sérfræðingur

Hjalti Guðmundsson

Hjalti J. Guðmundsson  
Sviðstjóri